

Borgarstjórn Reykjavíkur
18. febrúar 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um skipulag byggðar í Geldinganesi

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að hefja vinnu við endurskoðun á Aðalskipulagi Reykjavíkur með það að markmiði að skipuleggja blandaða byggð í Geldinganesi með áherslu á íbúðauppbyggingu. Við endurskoðunina skal hafa til hliðsjónar þær skipulagshugmyndir sem áður hafa komið fram í hugmyndasamkeppni um svæðið. Umhverfis- og skipulagssviði verði jafnframt falið að hefja aðra þá vinnu sem nauðsynleg er til að gera það mögulegt að úthluta lóðum sem fyrst fyrir fjölbreytta fjölskylduvæna byggð í Geldinganesi á viðráðanlegu verði